

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júní 2021 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Gamla höfnin – Vesturbugt, reitir 03 og 04.

Góðan dag,

Tilkynning sem send var til ykkar í gær, var ranglega sagt „lóðarinnar Laugardalur“ átti að vera Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04, sem er leiðrétt hér með.

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04, birtist í Fréttablaðinu á morgunn 15. júní . Tillagan er í kynningu frá 15. júní 2021 til og með 28. júlí 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/gamla-hofnin-vesturbugt-reitir-03-og-04>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. júní 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gamla höfnin, vegna reita 03 og 04. Í breytingunni felst að göturými Hlésgötu er bætt við reiti 03 og 04 og stækka svæðin sem því nemur, fjölga íbúðum úr 170 í 192, heimilt verði að breyta 3 raðhúsum á reit 03 í fjölbýlishús með því að tengja þau húsinu við hliðina (Mýrargata) með svalagangi, heimilt verði að breyta 2 x 3 raðhúsum á reit 04 í fjölbýlishús með því að tengja þau hornhúsunum sín hvoru megin með svalagöngum, heimilt verði að nýta jarðhæð á suðvestur horni á reit 04 fyrir allt að 7 íbúða búsetuúrræðiskjarna o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **15. júní 2021 til og með 28. júlí 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. júlí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**